



## GREINARGERÐ

ákærða, Gísla Freys Valdórssonar  
í sakamáli nr. S-651/2014

### Ákærvaldið gegn Gísla Frey Valdórssyni

#### 1. Málflutningsumboð

Undirritaður hæstaréttarlögmaður, Ólafur Garðarsson, Lögfræðistofu Reykjavíkur, Borgartúni 25, Reykjavík, skipaður verjandi ákærða, Gísla Freys Valdórssonar, fer með mál þetta fyrir ákærða.

#### 2. Kröfur ákærða

Ákærði, Gísli Freyr Valdórsson, krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

#### 3. Framlögð skjöl

Ákærði leggur fram eftirtalin skjöl:

Nr. 6 Greinargerð þessi.

Nr. 7 Afrit fréttar um málefni hælisleitenda.

#### 4. Röksemdir ákærða

##### 4.1. Almenn um málsatvik

Ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn þagnarskyldu í starfi sínu, sem aðstoðarmaður innanríkisráðherra, með því að hafa, á tímabilinu frá þriðjudeginum 19. nóvember 2013 til miðvikudagsins 20. nóvember 2013, „látið óviðkomandi í té“ efni samantektar sem bar yfirskriftina: „Minnisblað varðandi Tony Omos“. Er í ákæru staðhæft að samantekt þessi hafi haft að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um einkamálefni þriggja einstaklinga sem leynt hafi átt að fara. Til frekari afmörkunar upplýsinganna eru nokkur atriði nefnd í ákærinni, n.tt.;

- að hælisleitandinn Tony Omos hefði stöðu grunaðs manns í tveimur umfangsmiklum sakamálum;

- að Tony Omos ætti í ástarsambandi við nafngreinda íslenska stúlku;
- að hælisleitandi, kona að nafni Evelyn Glory Joseph, ætti hugsanlega von á barni með Tony Omos;
- að því hafi verið borið við í málinu að konan væri fórnarlamb mansals.

Þá segir í ákæru að upplýsingar þessar hafi birst í Fréttablaðinu og á netmiðlunum visir.is og mbl.is að morgni 20. nóvember 2013 og hafi þær verið til þess fallnar að hafa áhrif á umfjöllun um málefni Tony Omos sem hælisleitanda.

Ákærði, sem er stjórn málafræðingur að mennt, starfaði sem aðstoðarmaður innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, frá 1. ágúst 2013. Hann er kvæntur þriggja barna faðir og starfaði sem blaðamaður og pistlahöfundur á Viðskiptablaðinu í rúm fimm ár áður en hann var ráðinn aðstoðarmaður ráðherra. Hann hefur ekki gerst brotlegur við refsilög svo sem fram kemur í sakavottorði sem liggur frammi í málinu. Ákærði hefur nú verið leystur tímabundið frá störfum vegna ákvörðunar ríkissaksóknara um ákæru í málinu.

Sem aðstoðarmaður ráðherra vann ákærði að almennri og pólitískri stefnumótun innanríkisráðuneytisins (hér eftir nefnt „IRR“) í nánú samstarfi við ráðherra og starfsmenn IRR. Í því starfi fólst meðal annars að svara fyrirspurnum fjölmiðla, f.h. ráðherra, í þeim málaflökkum sem heyra undir ráðuneytið. Ákærði skipti sér hins vegar hvorki af einstökum málum sem voru til afgreiðslu í ráðuneytinu né hafði ákærði umboð til að taka stjórnvaldsákvarðanir.

Þann 19. nóvember 2013 var að beiðni Bryndísar Helgadóttur, skrifstofustjóra á skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu IRR, unnin samantekt um málefni hælisleitandans Tony Omos (hér eftir nefndur „TO“), sjá skjal nr. III/1. Samantektinni var ætlað að draga saman helstu staðreyndir málsins fyrir ráðherra og þá starfsmenn IRR sem málið kynni að varða. Að samantektinni unnu, auk skrifstofustjórans, þau Guðmundur Örvar Bergþórsson, Hinrika Sandra Ingimundardóttir og Sigríður Kristín Axelsdóttir, sjá skjöl nr. III/1-4. Síðdegis sama dag barst ákærða, ásamt þremur öðrum starfsmönnum IRR, tölvupóstur frá skrifstofustjóranum. Í viðhengi tölvupóstsins fylgdi umrædd samantekt sem greint er frá í ákæru í Microsoft Word skjali: „Minnisblað um Tony Omos“ (hér eftir „samantektin“). Samantektin innihélt meðal annars þær upplýsingar sem tiltekna eru í ákæru. Jafnframt var samantektin vistuð inni á opnu drifi ráðuneytisins þar sem allir starfsmenn ráðuneytisins höfðu aðgang að henni, sjá m.a. skjal nr. II/10.

Í málsgögnum kemur fram að hagsmunasamtök hælisleitenda á Íslandi sem kalla sig „No Borders“ höfðu boðað til mótmæla fyrir utan ráðuneytið í hádeginu 20. nóvember 2013, daginn eftir. Tílefni mótmælanna mun hafa verið fyrirhuguð brottvísun TO úr landi samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunnar sem IRR hafði staðfest. Þess má geta að mótmæli við ráðuneytið vegna einstakra hælisleitenda eða annarra mála höfðu fram að þessu verið nokkuð tíð og skáru boðuð mótmæli vegna ákvörðunar IRR í máli TO sig ekki úr í huga ákærða. Þá hafði ákærði ekki látið sig málefni TO eða annarra einstakra hælisleitenda varða. Ákærði gaf samantektinni því ekki sérstakan gaum enda ýmis önnur mál ofar á baugi hjá honum þennan tiltekna dag, s.s. málefni Reykjavíkurflugvallar, lagafrumvörp í vinnslu, undirbúningur nefndar um aðkomu

einkaaðila í samgöngumálum, ávarp ráðherra um löggildingu Barnasáttmála S.Þ., sem flutt var morguninn eftir og rúmlega hálf tíma langt ávarp ráðherra um öryggis- og varnarmál, sem flutt var tveimur dögum síðar, svo fátt eitt sé nefnt. Að þessum verkefnum vann ákærði nokkuð fram á kvöld þann 19. nóvember 2013.

Starfs síns vegna ræddi ákærði við fjölmiðlamenn á því tímabili sem fjallað er um í ákæru, eins og raunar flesta aðra daga. Þannig er óumdeilt að ákærði ræddi í síma við annars vegar Andra Ólafsson, fréttastjóra hjá Fréttablaðinu, að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 2013 og Harald Johannessen, ritstjóra Morgunblaðsins, að morgni miðvikudagsins 20. s.m. Símtalið við Harald hringdi ákærði til að svara ósvöruðu símtali frá Haraldi nokkrum mínútum áður, sbr. skjal nr. II/10.1 og II/11. Ákærði veitti hins vegar hvorugum upplýsingar úr samantektinni, hvorki að hluta né í heild. Í samtölum þeirra tjáði ákærði sig ekki um málefni TO enda voru þau undirorpin trúnaði, sjá framburð ákærða hjá lögreglu þann 9. apríl 2014, skjal nr. IV/2, bls. 9 og 10.

Fyrir liggur að upplýsingar úr samantektinni birtust í Fréttablaðinu og á netmiðlunum visir.is og mbl.is að morgni 20. nóvember 2013. Aftur á móti er óupplýst hver eða hverjir bera ábyrgð á því, hvernig það atvikaðist, hvenær eða með hvaða hætti upplýsingar bárust viðkomandi fjölmiðlum. Ákærða er þess vegna gert mjög erfitt um vik að verja sig og getur ekki stuðst við hefðbundna sönnunarfærslu, s.s. að sýna fram á fjarvist, leiða vitni o.s.frv. Hjótí málið efnislega meðferð má segja að ákæruvaldinu hafi tekist að koma sönnunarbyrðinni yfir á ákærða en það er andstætt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 108. laga nr. 88/2008 (hér eftir nefnd „sml.“) þar sem fram kemur að sönnunarbyrðin skuli hvíla á ákæruvaldinu. Er því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi. Verði frávisunarkrafa ákærða aftur á móti ekki tekin til greina ber að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins.

Kröfur ákærða eru studdar eftirfarandi röksemdum.

#### *4.2. Krafa um frávisun*

##### 4.2.1. Almennt

Frávisunarkrafa ákærða er á því reist að ákæra og rannsókn sé háð miklum annmörkum og því beri að vísa málinu frá dómi. Í fyrsta lagi er verknaðarlýsing í ákæru svo óskýr að málsvörn ákærða verður mjög erfið. Í öðru lagi var grunnregla sakamálaréttar um hlutlægni ákærenda ekki virt. Í þriðja lagi gætti lögregla ekki meðalhófs við rannsókn málsins. Í fjórða lagi telur ákærði að jafnræðisregla hafi verið brotin. Verður nú vikið að þessum fjórum atriðum.

##### 4.2.2. Ákæra óskýr

Í 152. gr. sml. kemur fram hvað greina skuli í ákæru. Samkvæmt c-lið greinarinnar er það hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærsla þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta.

Til að ákæra uppfylli þessi skilyrði laganna verður verknaðarlýsing hennar að vera þannig úr garði gerð að hvorki ákærði né dómari þurfi að velkjast í vafa um hvaða refsiverða háttsemi það er sem ákærða er gefin að sök. Þetta verður að vera hægt að ráða af ákæru einni saman og má einu gilda hvaða ályktanir er unnt að draga af

rannsóknargögnum. Þannig á að leggja fullnægjandi grundvöll að máli svo hægt sé að fella dóm á það sem er tilgreint í ákæru. Ákærði byggir á því að mikið skorti upp á til að ákæran geti verið grundvöllur sakamáls. Því verði ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi.

Hin ætlaða háttsemi er heimfærð undir 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir nefnd „hgl.“) en þar segir í 1. mgr.:

„Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta fangelsi allt að einu ári.“

Telja verður að undir ákvæðið geti fallið hvers kyns samskiptamáti sem nota má til að „segja frá“ einhverju, hvort sem það er gert munnlega eða skriflega eða með annarri athöfn. Þótt ákvæðið gefi að því leytinu til nokkurt svigrúm til túlkunar er það engu að síður forsenda fyrir beitingu þess að hinni ætluðu refsiverðu háttsemi sé lýst svo glögggt sem verða má. Því er ekki til að dreifa í ákæru og er hún í andstöðu við áður nefnt ákvæði 152. gr. sml.

Í ákæru er ekki tilgreint hverjum, einum eða fleiri, ákærði á að hafa veitt upplýsingar úr samantektinni enda ósannað að svo hafi hann gert, sbr. rökstuðning fyrir sýknukröfu. Er látið nægja að lýsa því að upplýsingarnar hafi verið látnar „óviðkomandi“ í té. Það koma því samkvæmt ákæru allir til greina sem viðtakendur svo fremi sem þeir teljast málinu „óviðkomandi“. Ákærði getur því ekki notast við hefðbundin úrræði til þess að verja sig eins og fyrr er nefnt. Að því er varðar frávisunarþátt málsins byggir ákærði á því að til þess að nokkur geti talist vera „óviðkomandi“ verði að liggja fyrir um hvern ræðir. Með öðrum orðum verður að liggja fyrir hver eða hverjir voru ætlaðir viðtakendur upplýsinganna.

Til að bíta höfuðið af skömminni hefur ákæran heldur ekki að geyma lýsingu á ætlaðri verknaðaraðferð. Í stað þess að útlista hvernig ákærði á að hafa veitt upplýsingar úr samantektinni, t.d. með afhendingu útprentaðs eða handritaðs eintaks, upplestri, fjarskiptum, mors-sendingum eða reykmerkjum er í ákæru notast við hina mjög svo almennu athöfn „að láta e-m e-ð í té“.

Það er greinilegt að ákæruvaldið hefur ekki hugmynd um það hvernig upplýsingarnar sem fram komu í samantektinni rötuðu í hendur fjölmiðla þrátt fyrir margra mánaða ítarlega rannsókn. Ákærði getur af þessum sökum með engu móti áttað sig á því hver sú háttsemi er sem honum er gefin að sök. Enda þótt orðalag ákvæðisins geri, eins og áður segir, ráð fyrir að ýmiss konar samskiptamáti komi til greina verður að gera þá kröfu að þeim samskiptum, sem ákærða eru gefin að sök að hafa átt, sé lýst í ákæru. Öðruvísi getur ákærði ekki varið sig með hefðbundnum aðferðum eins og ítrekað hefur komið fram.

Tilgreiningu í ákæru á stund og stað hinnar ætluðu refsiverðu háttsemi er einnig verulega áfátt. Stundin nær yfir tímabil sem er tveir dagar og ein nótt, þ.e. „frá þriðjudeginum 19. nóvember 2013 til miðvikudagsins 20. nóvember 2013.“ Til marks um hve verknaðarstundin er almenn og illa tilgreind tekur ákæran þannig til tímabils áður en samantekt IRR var útbúin. Á skjali nr. II/10, bls. 2, kemur fram að skrifstofustjóri IRR hafi sent samantektina frá sér síðdegis þann 19. nóvember 2013, n.tt. kl. 17:17. Samt gerir ákæran ráð fyrir því að þessi samantekt eða a.m.k efni

hennar hafi hugsanlega verið „látið óviðkomandi í té“ á rúmlega 17 klst. tímabili áður en hún var gerð!

Staðurinn, þ.e. hvar meint refsiverð háttsemi á að hafa átt sér stað er ekki heldur tilgreindur í ákæru þrátt fyrir að ákvæði sml. kveði á um að það skuli gert.

**Séu þessi atriði sem hér hafa verið nefnd dregin saman er ákærða í raun gefið að sök að hafa einhvern tíma, einu sinni eða oft, á tveggja daga tímabili látið einhvern óviðkomandi, einn eða fleiri, með einhverjum útskýrðum hætti, í té upplýsingar sem þá þegar voru á ýmissa vitorði og höfðu flestar komið fram í fjölmiðlum eins og vikið verður að síðar í greinargerðinni.**

Ákærði telur augljóst að skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. um hvað skuli koma fram í ákæru séu ekki uppfyllt og verður saksókn á hendur ákærða því ekki byggð á ákærinni. Af réttarframkvæmd má enn fremur ráða að óskýrleiki í ákæru, jafnvel þó hann sé ekki jafnáberrandi og í þessu máli, leiðir til frávísunar.

#### 4.2.3. Hlutlægnisskylda ákæruvaldsins

Samkvæmt 3. mgr. 18. og 2. mgr. 53. gr. sml. er bæði rannsakendum og ákærendum skylt að vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós. Það er eflaust á stundum erfitt, sérstaklega þegar rannsakendur telja sig hafa rökstuddan grun um sekt. En hér er um afar mikilvæga réttaröryggisreglu að ræða. **Reglu sem felur í sér að gæta skuli jafnt að atriðum sem horfa til sýknu og sektar á öllum stigum málsmeðferðar sakamáls**, þ.e. við rannsókn, ákvörðun um saksókn, málflutning fyrir dómi og áfrýjun. Þessi skylda þeirra sem fara með saksóknarvald er ein af grunnreglum íslensks sakamálaréttar og er náskyld 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um að sakaður maður skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð. Hlutlægnisskyldan felur það m.a. í sér að óheimilt er að lýsa yfir sekt sakbornings eða gefa hana í skyn undir rannsókn máls og tekur hún til allra athafna rannsakenda.

Ákærði telur að afstaða rannsakenda í garð ákærða hafi nánast frá upphafi verið mótuð, m.a. af staðlausum staðhæfingum blaðamanna, bæði í skýrslutökum og í opinberri umræðu, um sekt ákærða. Af þessu leiddi að meginþungi rannsóknarinnar beindist gegn ákærða og þeim atriðum sem má telja að hafi verið honum óhagfelld. Aftur á móti var, að því er virðist, lítið skeytt um veigamikil atriði sem renna stóðum undir sakleysi ákærða.

Eftirfarandi atriði telur ákærði til marks um afstöðu rannsakenda við rannsókn málsins og brot á hlutlægnisskyldu. Mörg þeirra atriða sem hér eru nefnd leiða jafnframt til sýknu og er einnig að finna umfjöllun um þau í rökstuðningi fyrir sýknukröfu og er vísað til þeirrar umfjöllunar eftir því sem við á.

- Samantektin var vistuð á **opnu drifi IRR** og aðgengileg öllum starfsmönnum ráðuneytisins, um 80 að tölu. **Samantektin var þar síðast skoðuð kl. 05:39 aðfaranótt 20. nóvember 2014, sjá skjal nr. II/10.** Ekki liggur fyrir að nokkur starfsmaður IRR hafi þá verið mættur til vinnu, sjá upplýsingar úr aðgangsstýrikerfi IRR á skjali nr. II/6.2. Skjalið virðist því hafa verið kallað fram og skoðað utan úr bæ. Tekið skal fram að ákærði er ekki með fjartengingu í tölvu sinni, svokallaða VPN-tengingu, og kemst ekki inn á drifið

nema innan IRR. Ákærða og verjanda var fyrst kunnugt um þetta atriði þegar þeir fengu gögn málsins afhent eftir útgáfu ákæru.

**Þrátt fyrir að þetta atriði staðfesti, svo ekki verður um villst, að samantektin var skoðuð af einhverjum öðrum en ákærða í skjóli nætur og utan veggja IRR þá virðist það ekki hafa verið rannsakað frekar. Telur ákærði þetta vera til marks um að allt kapp hafi verið lagt á að á fella sök á hann í stað þess að rannsaka atriði sem renna stoðum undir sýknu hans.**

- Í skýrslutöku þann 25. febrúar 2014 kvaðst Jón Bjarki Magnússon, blaðamaður DV, hafa nánar tilgreindar upplýsingar eftir „heimildarmanni sínum í innanríkisráðuneytinu“. Raunar kæmu heimildir hans þaðan „frá fleiri en einum aðila“, sbr. skjal nr. III/7. Þrátt fyrir að þar hafi blaðamaðurinn tilgreint uppljóstrara innan IRR og aðra heimildarmenn virðist sem rannsakendur hafi ekki fylgt því eftir.
- Rannsakendur virtust aftur á móti aðeins veita þeirri rangfærslu blaðamannsins athygli að það hefði verið „staðhæft í [hans] eyru“ að samantektin hafi verið send til fjölmiðla úr ráðuneytispostu frá aðstoðarmanni ráðherra. Ítarleg rannsókn leiddi í ljós að svo var ekki, sjá skjal nr. II/8.
- Jafnframt liggur fyrir að umræddur blaðamaður hafði samantektina undir höndum og sendi efni hennar til lögmanns eins af hælisleitendunum þann 2. desember 2014, sjá skal nr. I/3, fskj. nr. 8. Ákærði telur að þetta hafi rannsakendum borið að rannsaka nánar en um er að ræða einu beinu tenginguna sem varðar samantektina milli „óviðkomandi“ og einhvers, eins eða fleiri, innan IRR.
- Ekki er útilokað að þeir starfsmenn IRR sem útbjuggu samantektina hafi skilið eftir útprentað eintak á skrifborðum sínum. Í þessu sambandi liggja ekki fyrir upplýsingar um ferðir ræstingafólks, öryggisvarða og eftir atvikum annarra.
- Samkvæmt gögnum um símnótun ákærða á tímabilinu frá 1. nóvember 2013 til 7. apríl 2014 voru skráð tíð símtöl milli ákærða og Andra Ólafssonar hjá Fréttablaðinu, enda sagði Andri sjálfur í skýrslutöku hjá lögreglu að hann og ákærði þekktust bæði á faglefum og persónulegum nótum, sjá skjal nr. II/11. Að sama skapi voru símasamskipti ákærða og Haraldar Johannessen, ritstjóra Morgunblaðsins, á sama tímabili, nokkuð tíð. **Símtöl ákærða við þessa fréttamenn féllu því inn í samskiptamynstur þeirra og 19. og 20. nóvember 2013 skáru sig ekki úr.** Rannsakendur horfa hins vegar einangrað á ákveðin símtöl ákærða og tortryggja þau. Þá horfa rannsakendur ekki til þess hvort ákærði hafi verið að svara símtölum, sbr. t.d. greinargerð rannsakenda en efni hennar má sjá í Hrd. 403/2014.
- Í rannsóknarskýrslu er talsvert gert úr því að samkvæmt rannsókn á tölvu ákærða hafi hann verið spurður hvort hann vildi vista breytingar á skjali sem innihélt samantektina, sbr. „do you want to save changes you made to ...“, sjá skjal. nr. II/9, bls. 6. Í takt við áherslu rannsakenda á að fella sök á ákærða er gefið í skyn að ákærði hafi ekki aðeins lesið skjalið heldur einnig unnið í því og jafnvel gert á því breytingar. Til marks um hlutdrægni rannsakenda er ekki

að sjá að það hafi verið skoðað hvort hvort aðrar skýringar, en „mekanískar“ breytingar, komi til greina. Það að rannsakendur hafi gert þessa meinlausu spurningu úr Microsoft Word að atriði í sakamáli kom verjanda spáskt fyrir sjónir því hann fær iðulega sömu spurningu í sinni tölvu, þ.e. hvort hann vilji vista skjal þótt hann hafi ekkert unnið í því heldur einungis lesið. Stutt símtal við tölvusérfræðing leiddi í ljós að þetta mun vera stillingaratriði en auk þess geta innsend skjöl borið slíkar stillingar með sér úr tölvu sendanda. Ekki er útilokað að fleiri atriði leiði til sömu niðurstöðu. Í gögnum málsins er ekki að finna neina athugun á þessu atriði og því ljóst að hlutlægni var ekki gætt.

- Annað atriði, þessu tengt, er sú staðreynd að **ákærði hefur ekki beinan aðgang að pósthólfi sínu í gegnum fjartengingu**. Hefur ákærði það því fyrir veltu að vista skjöl, sem kunna að þarfnast frekari skoðunar, á skjáborði tölvu sinnar en eyða svo jafnóðum, sbr. framburð í skýrslutöku 9. apríl 2014, sjá skjal nr. IV./2, bls. 2. Þau skjöl sem ákærði hefur vistuð á skjáborðinu opnar hann jafnan þegar heim er komið að loknum hefðbundnum vinnudegi og eftir atvikum kynnir sér þau, vinnur í þeim eða fleygir. Rannsakendur höfðu að því er virðist lítinn áhuga á þessu verklagi ákærða og var það því ekkert rannsakað. Áhersla var sem fyrir lögð á að taka athafnir ákærða úr samhengi og gera þær tortryggilegar.
- Spurningar rannsakenda til ákærða og lýsing lögreglu á rannsókninni draga jafnframt mjög dóm af afstöðu þeirra til ákærða. Má nefna sem dæmi að í skýrslutöku þann 10. maí 2014 var ákærði spurður hvers vegna hann hefði opnað skjal sem innihélt samantektina „ítrekað“ þegar fyrir lá að það hafi hann gert tvisvar, sjá skjal nr. IV/2.2.
- Í svokölluðum vitnamálum Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var lýsing á þætti ákærða mjög lituð af afstöðu lögreglu og langt því frá hlutlaus, sjá Hrd. 403/2014. Ákærvaldið hefur ekki lagt fram greinargerðir í vitnamálunum þótt þær hljóti að teljast hluti þessa máls.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur ákærði ljóst að rannsakendur hafi markvisst rannsakað og dregið fram það sem telja má ákærða í óhag. Að sama skapi eru atriði sem eru ákærða hagfelld eða leiða beinlínis til sýknu virt að vettugi. Því hafa rannsakendur ekki gætt hlutlægnisskyldu sinnar. Eins og áður segir er að öðru leyti vísað til röksemda fyrir sýknukröfu ákærða.

#### 4.2.4. Brot gegn meðalhófsreglu

Í 3. mgr. 53. gr. sml. er að finna almenna meðalhófsreglu sem leggur ákveðnar skyldur á þá sem annast rannsókn sakamáls. Samkvæmt 1. ml. ákvæðisins er fyrirskipað að gætt skuli að því að mönnum sé ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur.

Brot það sem ákærða er gefið að sök varðar fangelsi allt að einu ári, sbr. 136. gr. hgl. Án þess að lítið sé gert úr alvarleika þess háttar brots verður þó að telja það minniháttar sé tekið mið af viðurlögum við öðrum brotum sem falla undir XIV. kafla hgl. Í því tilliti telur ákærði að rannsakendur hafi gengið mun lengra en óhjákvæmilegt var en **vandséð er hvaða forsendur voru fyrir þeirri miklu skerðingu sem rannsóknin hafði í för með sér á friðhelgi einkalífs ákærða**.

Í þessu sambandi **má horfa til forsendna niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 403/2014** þar sem tekist var á um kröfu rannsakenda um að fá trúnaði ætlaðra vitna í þessu máli aflétt. Hæstiréttur taldi rannsakendur ekki hafa sýnt fram á að hagsmunir hins ætlaða vitnis af því að halda trúnað við höfund og heimildarmann ættu að víkja fyrir þeim hagsmunum að vitninu yrði gert að svara spurningum rannsakenda fyrir dómi. Telur ákærði að Hæstiréttur hafi þannig ákvarðað hagsmuni málsins og sett þá í samhengi.

Eftirtalin atriði telur ákærði helst sýna að lögbundins meðalhófs hafi ekki verið gætt í málinu. Sé hliðsjón höfð af umfjölluninni um vanrækslu á hlutlægnisskyldu hér að framan verða tilvikin enn skýrari:

- Rannsakendur öfluðu upplýsinga um símnottkun ákærða **tveimur mánuðum áður en hann tók við starfi aðstoðarmanns innanríkisráðherra**, sjá skjal nr. V/5. Þá starfaði ákærði sem blaðamaður hjá Viðskiptablaðinu og átti eðli málsins samkvæmt í viðkvæmum samskiptum við marga. Rétt er að geta þess að ákvæði 136. gr. áskilur að brot sé framið í opinberu starfi. Það er þess vegna ljóst að lengra var gengið en þörf krafði.
- Rannsakendur boðuðu ákærða öðru sinni í skýrslutöku þann 10. maí sl. þrátt fyrir að hafa engar nýjar upplýsingar. Ákærða var hins vegar borið á brýn misræmi. Þrástagast var á sömu atriðum, sjá skjal nr. IV/2.2. Rannsakendur sögðu jafnframt við ákærða að hjá lögreglunni væri þetta mál „á oddinum“, eins og það var orðað.
- Rannsakendur gerðu kröfu um að fá aðgang að **persónulegu pósthólfi ákærða** og gerðu m.a.s. tilraun til að afla upplýsinga frá erlendum lögregluyfirvöldum.
- Rannsakendur gerðu kröfu um að fá utan-á-liggjandi harðan disk í eigu ákærða sem m.a. innheldur fjölskyldumyndir, heimilisbókhald og aðrar persónulegar upplýsingar.
- Rannsakendur gerðu tvívegis tilraun til að fá trúnaðarskyldu ætlaðra vitna aflétt fyrir dómi og var synjun í báðum tilvikum skotið til Hæstaréttar. Á meðan dróst rannsókn málsins með tilheyrandi óþægindum fyrir ákærða.
- Aflað var gagna um notkun allra borðsíma í IRR en sú athugun leiddi ekkert í ljós.
- Framkvæmd var umfangsmikil og ítarleg rannsókn á tölvupóstkerfi IRR, sínum og aðgangsstýrikerfi, en rétt er að geta þess að hún leiddi ekkert í ljós.

#### 4.2.5. Brot gegn jafnræðisreglu

Ein af forsendum réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 70 gr. stjórnarskrárinnar er að jafnræði ríki milli aðila að dómsmáli. Í því felst m.a. að aðilar hafi jafnan rétt til að koma að kröfum, gögnum og rökum í málinu. Eðli máls samkvæmt var staða aðila á rannsóknarstigi nokkuð ójöfn þar sem um viðamikla og að mörgu leyti tæknilega rannsókn var að ræða þar sem rannsóknarúrræðum var að auki beitt að því marki sem



Því var við komið. Við slíkar aðstæður er enn mikilvægara að sakborningur fái notið allra þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í sml. og er ætlað að jafna stöðu aðila.

Ákærði telur að rannsakendur hafi ekki að fullu gætt að rétti ákærða hvað þetta varðar. Sum þeirra atriða sem ákærði telur að hafi skekkt stöðuna falla undir framangreinda umfjöllun um brot rannsakenda á hlutlægnisskyldu og er vísað til þess sem þar segir að breyttu breytanda.

Alvarlegasti brestur rannsakenda felst aftur á móti í því að verjanda ákærða var ekki með fullnægjandi hætti gefið færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar í samræmi við 5. mgr. 37. gr. sml.

Svo virðist sem rannsókn málsins hafi, án vitundar ákærða, **haldið áfram** eftir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi málið til ríkissaksóknara þann 20. júní 2014. Ný gögn bættust við, er ríkissaksóknari sendi málið til héraðsdóms, sem ákærða var ekki gefinn kostur á að kynna sér á rannsóknarstigi. Í þeim gögnum var að finna **veigamiklar upplýsingar** sem leiða í ljós eða benda a.m.k. mjög eindregið til íhlutunar annarra en þeirra sem samantektin var ætluð, sjá skjal nr. II/10. Þannig kemur fram að samantektin hafi síðast verið **skoðuð inni á opnu drifi í tölvukerfi IRR kl. 05:39 aðfaranótt 20. nóvember 2014**, eins og áður segir. Staðfestir þetta að samantektin var augljóslega á vitorði fleiri en þeirra sem að henni unnu eða fengu hana senda. Enda fullkomlega örökrétt fyrir hlutaðeigendur að skoða skjalið inni á opnu drifi, hvað þá í skjóli nætur. Rétt er að ítreka að ákærði sjálfur hefur ekki fjartengibúnað í tölvu sinni og hafði því ekki tök á að skoða skjalið inni á drifinu auk þess sem það var ástæðulaust þar sem hann hafði fengið skjalið sent. Hér sem endranær vekur athygli að ekki er gerð tilraun til að hafa upp á áður nefndum heimildarmönnum blaðamanns DV.

Ákærði telur að ofangreint hefði þarfnast ítarlegri rannsóknar af hálfu rannsakenda og hefði verjandi ákærða svo sannarlega gert slíka kröfu. Áhersla ákærvaldsins á að ná sakfellingu yfir ákærða var hins vegar slík að ákærða var ekki einu sinni gert viðvart um þessar nýju upplýsingar og tilhæfulaus ákæra gefin út.

#### 4.2.6. Samantekt

Ákærði byggir á því að þau atriði sem hér hafa verið rakin leiði til frávísunar málsins. Vegur þar þyngst óskýrleiki ákæru sem ekki samræmist kröfum sml. sem og brot rannsakenda á hlutlægnisskyldu. Þá renna aðrir annmarkar á rannsókn málsins, sem brjóta gegn stjórnskrárvörðum réttindum ákærða, stöðum undir frávísunarkröfuna.

### 4.3. Sýknukrafa

#### 4.3.1. Almenn

Sýknukrafa ákærða er reist á þeirri einföldu staðreynd að hann gerðist ekki sekur um þá háttsemi sem er lýst í ákæru og ber enga ábyrgð á því að samantektin eða upplýsingar úr henni birtust í fjölmiðlum. Jafnframt byggir ákærði á því að verknaðarlýsingu í ákæru sé verulega ábótavant og sakfelling verði ekki byggð á henni. Fari hins vegar svo ólíklega að dómurinn telji ákærða ábyrgan með einum eða öðrum hætti er byggt á því að um hafi verið að ræða upplýsingar sem þá þegar voru í almennri umræðu meðal annars fyrir tilstilli þeirra hælisleitenda sem hlut áttu að máli. Upplýsingarnar hafi því ekki farið eða átt að fara leynt í skilningi 136. hgl.

#### 4.3.2. Sönnunarreglur

Telja má að mikilvægustu grundvallarreglur sakamálaréttarfars lúti að sönnun. Vegur þar þyngst hin stjórnarskrárbundna sönnunarregla að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli teljast saklaus þar til sekt hans er sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í takt við stjórnarskárákvæðið er í 108. gr. sml. lögfest sú regla að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvíli á ákærvaldinu. Af þessum reglum leiðir að telji dómari að ekki sé komin fram fullnægjandi sönnu fyrir sekt ákærða beri honum skilyrðislaust að sýkna hann.

**Eins og áður segir er hvorki upplýst hver eða hverjir bera ábyrgð á því að upplýsingar úr samantektinni birtust í fjölmiðlum, né hvernig það atvikaðist eða hvar það á að hafa gerst.** Þegar við bætist eindregin neitun ákærða á sök hefði aldrei átt að gefa út ákæru. Það var hins vegar gert og á ákærði af þeim sökum ekki annars úrkosti en að draga fram þau atriði sem leiða til þess að taka verði sýknukröfu hans til greina. Slík röksemdafærsla skarast nokkuð við umfjöllun um frávísunarkröfu en sýknukrafa er m.a. byggð á þeim atriðum sem þar eru nefnd að breyttu breytanda. Til að forðast miklar endurtekningar verður reynt að vísa til þeirrar umfjöllunar eftir því kostur gefst.

#### 4.3.3. Sakleysi

Ákærði vísar til umfjöllunar um frávísun hér að framan en telur auk þess að neðangreind atriði sýni fram á sakleysi hans.

#### *Eindregin neitun ákærða*

Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað sök í málinu. Þannig hefur ákærði, bæði gagnvart IRR og fyrir lögreglu, tekið fyrir að hafa nokkuð haft með það að gera að upplýsingar úr samantektinni birtust í fjölmiðlum. Eins og áður segir ætti sú afstaða ákærða ein og sér að leiða til sýknu þegar engum sönnunargögnum um sekt er til að dreifa. Í þessu sambandi má jafnframt nefna að ákærði hefur aldrei gerst brotlegur við refsilög, sbr. framlagt sakavottorð í málinu.

#### *Engin tenging milli ákærða og fjölmiðlaumfjöllunar*

Ákærvaldið hefur ekki sýnt fram á tengsl milli ákærða og eða athafna hans og fjölmiðlaumfjöllunarinnar sem greint er frá í ákæru. Hvorki með framlagningu gagna né skýrslutökum af ætluðum vitnum. Ekki stoðar að leiða líkur að því að upplýsingar úr samantektinni hafi ratað í hendur „óviðkomandi“ með ótilgreindum hætti heldur verður að liggja fyrir lögfull sönnun.

Þó að símtöl ákærða við tvo fjölmiðlamenn kunni að mati rannsakenda að fela í sér vísbendingar eða óbeinar tengingar við fjölmiðla verður sakfelling aldrei byggð á þeim. Samskipti við fjölmiðla voru hluti af starfsskyldum ákærða hjá IRR og fólu umrædd símtöl því ekki í sér neina sérstæða hegðun eða breytingu á hegðunarmynstri. Ákærði ræddi við fjölmiðla 19. og 20. nóvember 2013, rétt eins og flesta aðra daga. Jafnframt kemur fram á skjali nr. II/11 að samskipti við tilgreinda fjölmiðlamenn voru tíð og er vísað til fyrri umfjöllunar. Þá verður að horfa til þess að „stóru“ fjölmiðlarnir á Íslandi eru þrír; 365 miðlar, Árvakur og Ríkisútvarpið. Þó að svo vilji til að ákærði hafi rætt við starfsmann 365 miðla þann 19. nóvember og Árvakurs þann 20. s.m.

hefur það nákvæmlega enga þýðingu. Einnig má nefna að ekkert bendir til þess að umræddir fjölmiðlamenn hafi átt þátt í vinnslu fréttanna sem er fjallað um í ákæru.

Það væri mjög háskalegt að reisa sakfellingu á jafnveikum grunni og raun ber vitni. Þannig væri sleginn sá tónn að í hvert skipti sem grunur léki á því að upplýsingum hefði með ólögnum hætti verið komið til fjölmiðla mætti draga þá til ábyrgðar sem væru svo ólánsamir að hafa átt samskipti við starfsmann eða starfsmenn viðkomandi fjölmiðils.

Að því er varðar afstöðu fjölmiðlamanna í málinu til skýrslutöku verður að líta til þess að þeir telja sig vera að gæta ríkari hagsmuna með því að virða sína trúnaðarskyldu skilyrðislaust. Það verður því ekki og má ekki túlka ákærða í óhag. Hæstiréttur staðfesti með dómi í máli nr. 413/2014 að trúnaðarskylda fjölmiðlamanna í málinu vegi þyngra heldur en hagsmunirnir af því að heimildarmanns sé getið.

Að því er varðar samskipti ákærða við fjölmiðla má heldur ekki horfa fram hjá því að áður en ákærði tók við starfi aðstoðarmanns innanríkisráðherra starfaði hann sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu í rúm fimm ár. Ákærði er þ.a.l. vel kunnugur mörgum fjölmiðlamönnum bæði á faglegum og persónulegum nótum.

#### *Ákærði samstarfsfús*

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar verið samstarfsfús og er ljóst að þar er ekki um að ræða athafnir sakbitins manns. Nefna má sem dæmi:

- Ákærði stóð ekki í vegi fyrir rannsókn lögreglu á gagnagrunnsskrá tölvupóstkerfis IRR og óskaði ekki einu sinni eftir að fá að vera viðstaddur rannsóknina, sjá skjal nr. II/4.1.
- Ákærði afhenti rannsakendum fartölvu sína um leið og eftir því var óskað.
- Ákærði afhenti rannsakendum utan-á-liggjandi harðan disk í sinni eigu sem innihélt persónuleg mál eins og áður greinir.
- Ákærði afhenti rannsakendum alla þá minnislykla sem hann fann í fórum sínum.
- Ákærði veitti rannsakendum aðgang að persónulegum tölvupósti sínum (g-mail) án nokkurra refja.

#### *Hvorki hvatir né tilefni fyrir hendi*

Enda þótt ákærði hafi ekki látið sig málefni TO neitt sérstaklega varða hefur ákærði borið hagsmuni og velferð hælisleitenda fyrir brjósti og unnið ásamt IRR að bættum hag þeirra. Sú vinna hefur m.a. falist í því að stytta málsmeðferðartíma, færa „pólitík“ út úr málafloknum með því að undirbúa stofnun sjálfstæðrar úrskurðarnefndar og tryggja að hægt verði að mæta þörfum þeirra sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda með aukinni mannúð. Það voru því hvorki hvatir né nokkurt tilefni fyrir ákærða að rjúfa þagnarskyldu um hælisleitendur. Ákærði getur raunar ekki gert sér í hugarlund hvaða hvatir geta legið að baki slíku eða hverju það á að skila. Þá hefði sjálfsagt einnig mátt sjá það fyrir að IRR biði hnekki af rofi á þagnarskyldu sem kæmi ráðherra og ákærða sjálfum illa.

#### *Önnur mál í deiglunni*

Áður er lýst að ákærði vann að ýmsum málum á því tímabili sem hið meinta brot er talið hafa verið framið. Samantektin vakti því enga sérstaka athygli ákærða eða varð

tilefni til nokkurra athafna af hans hálfu. Áður er nefnt að ákærði vann að sama tíma að fjölmörgum málum, m.a. undirbúningi ítarlegra ávarpa sem geta tekið talsverðan tíma í vinnslu ef vel á að vera.

#### ***Samantekin vistuð inni á opnu drifi IRR***

Varla verður of oft ítrekað að samantektin, sem innhélt upplýsingar sem ákærða er gefið að sök að hafa látið óviðkomandi í té, var vistuð inni á opnu drifi IRR þar sem allir starfsmenn IRR höfðu aðgang að henni.

Þannig gat hvaða starfsmaður IRR, annað hvort innan veggja IRR eða utan úr bæ með fjartengingu, nálgast samantektina.

Það hefur enda komið á daginn að samantektin var þar skoðuð af öðrum en þeim sem hana fengu senda, sjá skjal nr. II/6.2. Til marks um hve almenn sú skoðun var þá var skjalið skoðað í skjóli nætur, n.tt. klukkan 05:39 þann 20. nóvember 2013. Óhætt er að fullyrða að engin skynsamleg eða rökrétt ástæða var fyrir nokkurn starfsmann IRR, og síst þá sem höfðu samantektina undir höndum, að skoða hana á þeim tíma. Telur ákærði þessa staðreynd leiða í ljós að rannsókn málsins var á algjörum villigötum.

Mikilvægt er að halda því til haga að ákærði er ekki með fjartenginu í tölvu sinni og gat þ.a.l. ekki nálgast skjalið inni á opna drifinu nema innan veggja IRR. Hann er því útilokaður frá allri slíkri skoðun á samantektinni inni á opna drifinu. Aftur á móti er ljóst að yfir samantektinni ríkti ekki sú leynd innan IRR sem rannsakendur hafa látið í veðri vaka. Nógu mikið var vitað til að einhver, einn eða fleiri, sáu ástæðu til að nálgast samantektina í skjóli nætur.

Ákærði telur að þessi staðreynd eigi ein og sér að leiða til sýknu í málinu þó ekki komi annað til.

#### ***Ekki útilokað að samantektin hafi verið prentuð út***

Starfsmenn IRR sem tóku þátt í að útbúa samantektina hafa ekki útilokað að hafa prentað hana út og skilið eftir á skrifborði sínu, sjá t.d. skjal nr. III/1. Það má því allt eins vera að einhver, jafnvel málinu óviðkomandi, hafi komist yfir eintak af samantektinni á pappír. Það er ekki ætlun ákærða að fella sök á nokkurn en ákærði telur aftur á móti vera um að ræða enn eitt dæmi þess hversu einstrengingsleg rannsókn málsins var; atriði sem koma ekki heim og saman við þá atburðarás sem rannsakendur höfðu teiknað virðast hafa verið hunsuð. Í þessu sambandi má einnig benda á að rannsakendur virðast ekki hafa skoðað hreyfingar öryggisvarða eða ræstingafólks inn og út úr IRR, sjá skjal nr. II/10.

#### ***Óútskýrðar hreyfingar í aðgangsstýrikerfi***

Samkvæmt skjali nr. II/10, bls. 4, eru 7 óútskýrðar hreyfingar í aðgangsstýrikerfi þar sem dyrum er haldið opnum að kvöldi 19. nóvember 2013 og aðfaranótt þess 20. Telur ákærði þetta geta bent til þess að hreyfing hafi verið inni í IRR á þessum tíma.

#### ***Símtöl ákærða við fjölmiðlamenn***

Ákærði ítrekar að í símtölum hans við fjölmiðlamenn var ekkert uppgefið um málefni TO. Samskiptin voru hluti af reglubundnum og nokkuð tíðum samskiptum við þessa sömu aðila. Jafnframt liggur fyrir að símtölin voru það stutt ekki hefði gefist kostur á að veita upplýsingar að neinu marki jafnvel þó að ásetningur hefði staðið til þess. Auk

Þess er vakin athygli á því að símtal ákærða við Harald Johannessen að morgni 20. nóvember 2013 átti sér stað eftir að upplýsingar úr samantektinni höfðu birst í Fréttablaðinu þá um morguninn.

Að öðru leyti er um þetta atriði vísað til umfjöllunar í frávísunarkafla.

#### ***Ætlaðir heimildarmenn innan IRR***

Eins og að framan er nefnt kvaðst blaðamaður DV, í skýrslutöku hjá lögreglu þann 20. febrúar 2014, vera með heimildarmann, einn eða fleiri, innan IRR, sjá skjal nr. III/7.2.

Um þetta vísast að öðru leyti til fyrri umfjöllunar.

#### ***Verklag ákærða***

Ákærði lýsti fyrir rannsakendum því verklagi sínu að annars vegar vista skjöl á skjáborði tölvu sinnar til að vinna með síðar og hins því skipulagi að flokka allan tölvupóst og eyða eftir því hvort málum sé lokið. Umgengni ákærða við samantektina og tölvupóstinn sem hún barst með var nákvæmlega í takt við verk- og skipulag ákærða að öðru leyti. Þessi atriði hafa þess vegna enga þýðingu enda hefur ekki verið sýnt fram á nein frávík í hegðun ákærða að því er varðar samantektina.

#### ***Breytingar á skjali***

Samkvæmt málgögnum virðist sem einhver hafi, eftir að samantektin var útbúin, tekið sig til og gert breytingu á efni hennar. Sú útgáfa hafi síðan gengið á milli manna, sjá skjal nr. I/2, fskj. nr. 4. Í niðurlagið hafði m.a. eftirfarandi texta verið bætt við:

„Ekki liggur ljóst fyrir hver er barnsaðir hennar, en rannsóknargögn gefa til kynna að hún sé beitt þrýstingi um að segja að TO sé faðirinn þó svo að hann eigi nú í [sambandi] við íslenska stúlku.“

Er þarna að finna nokkuð eindregna ályktun út frá „rannsóknargögnum“. Af þessu tilefni áréttar ákærði að hann lét sig ekki varða um málefni TO neitt sérstaklega. Þá þekkti hann ekki „rannsóknargögn“ og var af þeim sökum algjörlega ófær um að draga ályktanir út frá þeim. Rennir þetta stoðum undir að samantektin hafi gengið á milli einhverra sem kunnu frekari deili á málefnum TO. Sé litið til þessarar staðreyndar, og raunar atvika að öðru leyti, verður að teljast útilokað að setja þessa breytingu eða aðra efnislega breytingu í samhengi við áðurnefnda skipun sem kom upp í tölvu ákærða: „do you want to save changes you made to ...“.

#### **4.3.4. Sakfelling ekki byggð á verknaðarlýsingu í ákæru**

Ákærði byggir á því að leiði óskýrleiki ákæru, sem fjallað er um í frávísunarkafla, ekki til frávísunar, þá leiði hún í öllu falli til sýknu. Vísað er til framangreindrar umfjöllunar að breyttu breytanda.

#### **4.3.5. Ekki upplýsingar sem leynt skyldu fara**

Ekki er skýrt nánar í ákvæði 136. gr. hgl. hvaða upplýsingar það eru sem „leynt [eiga] að fara“ í merkingu ákvæðisins. Inntak þagnarskyldunnar ræðst því af eðli máls og atvikum hverju sinni.

Sé höfð hliðsjón af 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 leikur varla vafi á því að upplýsingar úr samantektinni voru að sumu leyti persónuupplýsingar. Þótt almennt megi ganga út frá því að slíkar upplýsingar skuli

fara leynt geta atvik aftur á móti leitt til þess að svo sé ekki. Skýrasta dæmið um slíkt er þegar upplýsingar eru þá þegar í almennri og opinberri umræðu, eða útbreiddar, að tilhlutan eða með samþykki þess/þeirra sem upplýsingarnar varða.

Fari svo ólíklega að ekki verði talið nægilega sýnt fram sakleysi ákærða byggir hann á því að svo hafi háttað til um þær upplýsingar sem komu fram í samantektinni. Upplýsingarnar voru á ýmissa vitorði, utan IRR, og hafði meðal annars verið fjallað um þær í fjölmiðlum. Ákærði vill alls ekki gera lítið úr áþján hlutaðeigenda og heldur því síður en svo fram að umræða um málefni þeirra hafi verið þeim léttvæg. Staðreyndin er hins vegar sú að upplýsingarnar fóru ekki leynt og samantekt IRR bætti litlu sem engu við. Birting upplýsinga úr samantektinni, hver sem átti í hlut, fól því ekki í sér rof á þagnarskyldu.

Í fréttum, sem birtust áður en samantektin var útbúin, má sjá að sumar þeirra upplýsinga sem ákærða er gefið að sök að hafa ljóstrað upp um, voru hreint ekkert leyndarmál, sjá dskj. nr. 7.

#### 4.3.6. Samantekt

Í ljósi alls framangreinds er enginn önnur leið fær en að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

### **5. Áskilnaður**

Ákærði áskilur sér rétt til að leggja fram gögn, færa frekari rök fyrir máli sínu, leiða vitni og hafa uppi nýjar varnir á síðari stigum málsins. Sérstakur áskilnaður er gerður varðandi framhaldsákæru í tilefni af tveimur einkaréttarlegum kröfum á hendur ákærða en verjanda var ekki kunnugt um þær fyrir en kl. 14 þann 15. september 2014.

### **6. Sakarkostnaður**

Ákærði krefst þess að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjenda samkvæmt síðar framlögðum verkskýrslum. Vísað er til ákvæða XXXIV. kafla sml.

Virðingarfyllt,

  
Ólafur Garðarsson hrl.